

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/2244**

2022/EES/53/14

frá 7. október 2021

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 með sértækum reglum um opinbert eftirlit að því er varðar aðferðir við sýnatöku vegna varnarefnaleifa í matvælum og fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum a-lið 2. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna til að staðfesta að farið sé að tilskildum ákvæðum í löggjöf Sambandsins, m.a. á sviði matvælaöryggis á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar. Í henni er kveðið á um sértækar reglur um opinbert eftirlit í tengslum við efni sem notkun á getur leitt til þess að leifar þeirra finnist í matvælum og fóðri.
- 2) Með reglugerð (ESB) 2017/625 er 1. mgr. 27. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 ⁽²⁾ felld brott en gildir þó áfram til 14. desember 2022 nema fyrri dagsetning sé fastsett með framseldri gerð. Í þeirri 1. mgr. 27. gr. er mælt fyrir um sértækar kröfur um framkvæmd opinbers eftirlits að því er varðar sýnatökuaðferðir vegna greininga á varnarefnaleifum í matvælum og fóðri.
- 3) Í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um sértækar kröfur um opinbert eftirlit í tengslum við leifar efna sem skipta máli í matvælum og fóðri sem á að inna af hendi á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 453, 17.12.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2022 frá 8. Júlí 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtuð. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

- 4) Markmiðið með því að vakta varnarefnaleifar í matvælum og fóðri er að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 396/2005 sem og til að meta váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa. Í henni er gerð krafa um að tekin séu nægilega mörg og margvísleg matvæla- og fóðursýni til að tryggja að þau séu dæmigerð fyrir markaðinn. Í henni er einnig gerð krafa um að þessi sýni séu tekin á þeim sýnatökupunkti sem á best við í matvælakeðjunni.
- 5) Því þykir rétt að bæta við ákvæði 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 með því að mæla fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits að því er varðar viðeigandi aðferðir við sýnatöku vegna varnarefnaleifa í matvælum og fóðri.
- 6) Þar eð reglurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að því er varðar opinbert eftirlit vegna sýnatöku, verða ekki lengur í gildi eftir 15. desember 2022 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Að því er varðar opinbert eftirlit með varnarefnaleifum, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skal hvert aðildarríki taka nægilega mörg og margvísleg matvæla- og fóðursýni til að tryggja að niðurstöðurnar séu dæmigerðar fyrir markaðinn, að teknu tilliti til niðurstaða úr fyrri landsbundnum eftirlitsáætlunum til margra ára.

Sýnatakan, sem kveðið er á um í fyrstu málsgrein, skal fara fram eins nálægt afhendingarstaðnum og unnt er.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. desember 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.